



14. árg. 5. tbl. 2005. Útgefandi: Ásatrúarfélagið, Grandagarði 8, 101 Reykjavík

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Egill Baldursson — egillb@mmedia.is

# Jólagleði

## Ásatrúarfélagsins 2005

verður að Grandagarði 8 þann  
17. desember, húsið opnar kl. 18:30.

### *Matseðill:*

- Köld jólaskinka
- Purusteik
- Reykt hrossakjöt
- Sósur og annað meðlæti að sjálfsögðu
- Síldarréttir og norðlensk lifrarkæfa með beikoni og sveppum
- Grænmetisréttur fyrir grasætur

### *Skemmtiatriði:*

- Jónína K. Berg verður með ljósaathöfn fyrir börnin
- Þjóðlagatónlist að hætti Konstantíns
- Hringdans og söngur
- Stutt erindi lesin
- Leikir og meiri tónlist

Aðgangseyrir er aðeins 2000 kr. sem greiðist fyrirfram inn á reikning félagsins: (0101-26-011444, kt. 680374-0159) — Börn 12 ára og yngri fá frítt.

Ritstjóri óskar Ásatrúarfólki, nær og fjær, gleðilegra jóla og farsæls komandi nýárs og hvetur alla til að mæta í gleðina og taka með sér utanfélagsgesti. — Góða skemmtun!



## Minning

Bjarni Þ. Þórðarson lést í umferðarslysi í Danmörku 5. okt., 39 ára gamall.

Bjarni varð landsfræg unglingarokkstjarna þegar hann söng og spilaði með pönksveitinni Sjálfsfróun í pönkbylgjunni snemma á níunda áratugnum. Vegna „hanakambs“ sem hann skartaði í kvikmyndinni „Rokk í Reykjavík“ festist við hann nafnið Bjarni Móhíkani. Vinsælasta lag Sjálfsfróunar, „Lollipops“, er í hópi sívinsælla rokkslagara. Ásatrúarhljómsveitin Q4U samdi að auki vinsælt lag um Bjarna, „Böring“. Síðar átti Bjarni farsæla endurkomu í poppbransanum með Haugi & heilsubrest.

Árið 2000 fékk ég Bjarna til að spila með ásatrúarhljómsveitunum Gyllinæð og Alsælu í umtalaðri hljómleikaferð til Grænlands.

Áður en Bjarni flutti til Danmerkur 2002 var hann virkur í félagslífi Ásatrúarfélagsins. Sótti öll blót sem hann gat og skemmti með gítarspili og söng.

Með þessum fátæklegu orðum vil ég kveðja góðan vin og félag og þakka fyrir margar góðar minningar af kynnum við hann.

*Jens Guð*



## Fréttir úr félagslífi

Auglýst var sala á lausamunum félagsins sem ákveðið var að skilja eftir þegar flutt verður. Hafði Þórunn Brandsdóttir veg og vanda að þeirri framkvæmd. Hins vegar reyndist salan minni en efni stóðu til, svo ákveðið var að gefa félagsmönnum það sem þeir nenntu að bera með sér. Það fóru margir gláðir í bragði af Grandanum næstu daga.

Rusli og öðru efni sem safnast hafði saman í geymslurými félagsins gegnum tíðina fengum við að henda á kostnað nýrra eigna.

Jóhanna Harðardóttir Kjalnesingagoði, blótaði Frey í hofstæðinu að Hlésey um miðjan nóvember. Þar voru sumir að mæta á sitt fyrsta blót og voru spurningar eðlilega margar um siðinn. Eftir athöfnina sem fór fram í kalsarigningu bauð goðinn í heita súpu sem var þegin með þökkum. Gaman verður að sjá hofið rísa í vor og sumar komandi og mun ritstjóri fylgjast með framvindu mála þar.

*Ritstjóri*

## Jólatréð

Flest heimili hafa jólatré á stofugólfinu um jólin og er sá siður nokkuð gamall hér á landi eða frá um 1850. Í fyrstu voru trén heimasníðuð en um 1896 var farið að selja þau í verslunum en salan tók ekki við sér fyrir en eftir 1940 (Árni Björnsson 2000:314–92). Um 1970 sem farið er að selja lifandi tré í verslunum hér á landi. En hvaðan kemur þessi siður og hvað tákna tréð?

Elstu ritarar Rómverja og Grikkja segja frá átrúnaði á tré. Tacitus segir að Germanir tilbiðji helga lundi og þær einu skepnur sem þá bíti séu hestar þeir er dragi guðavagninn sem prestur eða konungur fylgi (Tacitus 2001:65–67). Annars nefnir hann helga lundi þrisvar sinnum í bók sinni og gætir nokkurs yfirlætis gagnvart trú Germana þótt hann dáist að hugrekki þeirra. Það er nokkuð óljóst hvaða hugmyndir hann hefur til átrúnaðar þeirra en hafa skal í huga að trú Rómverja var ekki ósvipuð trú Germana, svo miklu næmi, ef marka má Pliny. Þar segir svo: „Skógar voru hýbýli goðanna og jafnvel nú fari einfalt sveitafólk í skóginn og tileinki stórt tré til goðs, með helgiathöfn fyrri tíma, og við däumst að helgum lundum og kyrrðinni sem þar er með ekki minni virðingu en gull og flabein“ (Frazer 1917 II:123). Einnig segir gríski sagnaritarinn Tyrius „að Keltar tilbiðji Zeus og ímynd Zeus sé mikil eik“ (Frazer 1917 II:362).

Til eru nokkrar sagnir af því að trúboðar eyddu heiðnum skurðgoðum bæði trjám og styttum. Um 722 eyddi munkur að nafni Boniface, síðar dýrtingur, helgri eik sem var tileinkuð guðinum Þór í Geismar, nærri Fritzlar og byggði svo kapellu úr viðnum (<http://www.newadvent.org/cathen/02656a.htm>). Í riti Annales 772 e.k., um Karla Magnús segir hann frá miklu tré sem nefnist Irminsul og myndi guð heiðinna lifa þar í. Var það í helgum lundi inn í þykkum skógi. Hof eitt var þar nálægt og var því eytt og það rænt (Norræn trú, glósur 2005:57).

Til er skemmtileg lýsing á tilbeiðslu eikartrés í The Golden Bough; Mikill mannfjöldi, er tilheyrði grísku kirkjunni, var saman kominn, allir íklæddir skrautklæðum. Sumir þeirra höfðu meðferðis vaxkerti og festu þau á greinar eikurinnar og bol. Fljótlega kom svo presturinn til að syngja sálma, þá er sungnir voru í Grísku kirkjunni. Í stað þess að syngja „Heilagur dýrtingur, biðu drottins bæn fyrir oss“ söng hann „Heilaga eik Hallelujah, bið fyrir oss“. Síðan bar hann reykelsið kringum tréð. Meðan á messu stóð var kveikt á kertunum og almenn veisla var að lokinni messu (Frazer 1917 II:372).

### Jólatré sem cosmic tré

Nánast öll samfélög og trúarbrögð eiga sér sitt eigið *cosmic tree* eða veraldartré, sem tengir undirheima, jörð og himin saman og er þannig öxullinn sem veröldin snýst um. Þegar litíð er á Drúída, Indfána Ameríku og Sama á norðurslóðum þá sést að í þessum menningarheimum hefur tré verið tengiliður milli veralda. Veraldirnar eru að jafnaði þrjár að tölu: upphiminn, jörð og undirheimar.

Samkvæmt keltum þá eru undirheimar biðsalur fyrir sálir látinna fram að framhaldslífinu og safnast þar saman mikil þekking (hÓgáin 1990:145–47). Seiðmaður-

inn notar því tréð sem farveg til að nálgast þekkingu sem hann þarfnast fyrir athafnir sínar. Í norrænni goðafræði er það Yggdrasill sem er þetta tengitré, nema þar bætast ræturnar við og fara þær í þrjá heima. Það mætti ætla að ræturnar eða hvert þær leiða séu síðari tíma viðbót, þar sem þær eru orðnar að farvegi milli veralda. Þess ber að geta að hjá Snorra Sturlusyni liggja ræturnar ekki til manna heima, heldur fara þær til Niflheima (undirheimar), Ásgarðs (upphiminn) og til Jötunheima (Faulkes 1979:198). Það er því spurning hvort Snorri hafi talið ræturnar allar liggja niður á við þar sem kristnar hugmyndir setja veraldartréð við himnaríki, jörð og helvíti. En þessa mynd rótanna hjá Snorra er ekki að sjá í Grímnismálum 31. versu, þar sem ræturnar fara í Hel, Hrímpursar og til manna (Eddukvæði 1985: I-172). Það er því spurning hvort Snorri hafi skipt út mönnum fyrir Ásgarð, eða hvort til hafi verið fleiri veraldir og að menn hafi séð veraldartréð í þrívíðri mynd með rótum sem náðu til fleiri veralda. Einnig er ósvarað þeim möguleika að Snorri hafi þekkt til fleiri sagna um veraldartré svo sem Irminsul í Þýskalandi og ómeðvitað haft þá sögu í sín skrif. Að lokum má benda á það að hjá mörgum seiðmönnum snýr veraldartréð öfugt og því snúa ræturnar upp og geta þá hæglega táknað ýmsar víddir í upphimnum (Stutley, 2003:40).

Læt ég þessa hugleiðingu duga um jólatréð sem veraldartré og óska félagsmönnum árs og friðar á komandi ári.

Tómas Vilhj. Albertsson  
Seiðgoði og þjóðfræðinemi við HÍ.

## Heimildir

- Árni Björnsson. (2000). *Saga daganna*. Reykjavík: Mál og menning.  
Eddukvæði. (1985) Ólafur Briem sá um útgáfu, Jóhann Briem myndskreytti. Reykjavík: Veröld.  
Faulkes, Anthony. (1979) *Edda Magnúsar Ólafssonar; Laufás Edda*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.  
hOgain, Daithi O. (1990). *Myth Legend & Romance; an encyclopædia of The Irish Folk Tradition*. Ireland: Ran Publishing.  
Stutley, Margaret. (2003). *Shamanism; An Introduction*. England: London.

## Nýr goði

Allsherjarþing samþykkti einróma með lófataki umsókn Baldurs Pálssonar til Freysgoða. Baldur er ættaður frá Aðalbóli í Hrafnkeldal og því vel að embættinu kominn. Hann mun staðfesta embættistöku sína á Þingvöllum n.k. sumar. Við óskum Baldri og Austfirðingum öllum til hamningju.

## Um hof og hörğa

Ólafur Briem reit svo um hof og hörğa í bók sína *Norræn goðafræði* (1940):

Höf og hörğar eru oft nefnd saman. Hofin voru, eins og kunnugt er, hin venjulegu goðahús ásatrúarmanna á síðustu tímum þeirra. En um hörğana er allt í meiri óvissu. Talið er, að þeir hafi upphaflega verið blótstaðir undir berum himni, líklega steinaltari. Á þetta bendir uppruni orðsins *hörğur*, sem merkir ýmist heiðinn blótstað eða grjóthól. Í Eddukvæðunum er líka getið um hörğ, sem hlaðinn var úr steinum. Stundum virðast hörğarnir hins vegar hafa verið hús. Sést það best á því, að getið er um hörğa, sem brunnu, og um „hátimbraða“ hörğa. Á Íslandi hafa fundizt tóftir, sem talið er, að séu af fornum hörğum, en aðeins ein þeirra hefur verið rannsökuð. Leiddi sú rannsókn í ljós, að hörğurinn hefur verið hús í líkingu við hofin, nema miklu minni. En með því er ekki sagt, að allir hörğar á Íslandi hafi verið hús.

Því hefur vreið haldið fram, að ásynjurnar hafi aðallega verið dýrkaðar í hörğunum. Þessi skoðun byggist á því, að Snorri kallar höllina Vingólf hörğ. En þá höll áttu ásynjur, og víðar er getið um dýrkun þeirra í hörğum. En ekki voru samt allir hörğar helgaðir gyðjum. Það sést greinilega á því, að í Svíþjóð eru til örnefnin Þórshörğur og Óðinshörğur.

Það verður ekki sagt með neinni vissu, hvers konar helgistaðir hörğarnir voru, enda virðist fyrirkomulag þeirra hafa verið mjög breytilegt. En eftir því, sem næst verður komizt, eru þeir eldri en hofin. Gengi hörğanna sýnist minnka að sama skapi sem vegur hofanna vex. Á Íslandi skipuðu hörğarnir miklu lægri sess en hofin. Aðalmenjarnar um þá eru í örnefnum, en þeirra er ekki getið nema á tveim stöðum í öllum sagnaritunum.

Um hofin eru heimildirnar miklu betri. Í fornum ritum eru hér og þar drög til lýsinga á hofum. En auk þess hafa verið grafnar upp fornar hoftóftir, sem tala sínu máli sjálfar. Þekking okkar á hofum er því jöfnum höndum byggð á fornleifum og rituðum heimildum. Sú hoftóft, sem langbest hefur verið rannsökuð, er hjá Hofstöðum í Mývatnssveit. Hún var 44 metrar á lengd og 6–8 metrar á breidd. Nálægt norðurenda tóftarinnar var þverveggur, sem skipti henni í tvennt. Talið er, að stærri salurinn hafi verið gildaskáli, en afhýsið í norðurendanum goðastúka. Á báðum herbergjunum voru útidyr, en engar dyr voru á þverveggnum milli þeirra. Telja sumir, að hann hafi ekki verið hærri en svo, að menn hafi getað séð framan úr gildaskálanum inn í goðastúkuna. En úr því gat rannsóknin auðvitað ekki skor-  
ið.

Gildaskálinn virðist hafa verið með svipuðu sniði og skálarnir á íslenskum stór-  
bæjum. Eftir skálanum endilöngum var röð af eldum, sem nefndir voru langeldar, en meðfram veggjunum voru bekkir hlaðnir úr torfi. Meðfram þeim, er talið, að verið hafi laus borð. Skálanum var skipt í þrennt með súlnaröðum eftir endilöngu, og var gólfid lægst í miðjunni, þar sem langeldarnir voru. Á hliðarvegg skálans voru dyr, og þar fyrir innan stóðu öndvegissúlurnar, sem stundum voru útskornar með goðamyndum. Goðastúkan var helgasti hluti hofsins. Þar stóð á miðju gólfinu stalli, sem samsvarar altari í kristnum kirkjum. Þar stóðu líka goðamyndirnar, sem

oftast voru skornar úr tré. Ekki er hægt að segja um það með vissu, hvort það tíðkaðist á Íslandi, að margar goðmyndir væru í sama hofinu, eða hvort þar hefur aðeins verið mynd þess goðs, sem hofið var sérstaklega helgað, t.d. Þórs eða Freys. Hins vegar eru til öruggar heimildir frá öðrum Norðurlöndum um margar goðmyndir í sama hofi.

*Ritstjóri tók saman.*



### Nýtt húsnæði

- Opið hús flyst frá og með áramótum í nýtt húsnæði í Síðumúla 15 Reykjavík.
- Barnastarfið flyst að sjálfsögðu með okkur og verður áfram kl. 13, fyrsta laugardag hvers mánaðar.
- Félagsmenn, nýtum laugardagana vel, mætum í kaffi og spjall milli kl. 14 og 16.

### Freysgoði gjörir kunnugt

Fyrsti fundur félagsbundinna Ásatrúarmanna af Fljótsdals-  
héraði var haldinn á Egilsstöðum 27.11. 2005.

Baldur Pálsson boðaði til fundarins. Rædd voru á fundinum málefni og staða ásatrúarfólks á Austurlandi og mikilvægi þess að efla félagsstarfið á allan hátt.

Þá var ákveðið að hafa samband við félagsfólk á Austurlandi og skipuleggja í framhaldi af því þá starfsemi sem áhugi væri fyrir á Austurlandsvísu.

Þeir félagsmenn á Austurlandi sem áhuga hafa á að taka þátt í að þróa og móta starfsemi félagsins eru kvattir til að hafa samband við Baldur Pálsson í síma 861-2164

## Frá lögsögumanni

Grandagarður 8 er þessa dagana að renna skeið sitt á enda sem þungamiðja starfs Ása-trúarfélagsins. Í gær var gengið frá leigu nýs húsnæðis í Síðumúla 15, en þangað flyzt nú öll starfsemi félagsins — og þó. Húsnæðið er mun minna en það, sem við höfðum á Grandanum, eða 113 m<sup>2</sup>. Þar af leiðandi verða ekki haldnar þar meiri háttar samkomur, heldur leigður salur undir þær annars staðar, eftir því, sem við á hverju sinni. Síðumúlinn mun því hýsa daglegt starf félagsins, þar með talið opið hús á laugardögum, barnastarfið og fundi ýmiss konar. Bókasafni félagsins og einhverjum innanstokksmunum verður komið fyrir í geymslu, þangið til sú langþráða stund rennur upp, að við flytjum alla starfsemi okkar í fyrirhugað hof og félagsheimili í Öskjuhlíð.

Reyndar hefur lítið miðað varðandi byggingaráform okkar, því erindi þar um er enn á sveimi í borgarkerfinu. Þegar hér er komið sögu, höfum við einungis munnlegt vilyrði fyrir lóð í Öskjuhlíðinni. Svo vill til, að ég rakst á formann skipulagsnefndar Reykjavíkurborgar í dag. Dagur tjáði mér, að borgarráðsmann hefðu mikinn áhuga á þessu verkefni og kvað þess ekki lagt að bíða, að endanlegt svar bærist okkur frá borgaryfirvöldum. Ekki var annað að skilja á skipulagsnefndarformanninum skelegga, en að okkur væri ástæðulaust að hafa áhyggjur af framvindu málsins.

Nú eru fimm vikur liðnar frá allsherjarþingi og að því er virðist fallin á ró í félaginu. Þingið fór fram í meiri eindrægni, en flestir þorðu að vona og er það vissulega vel. Sala Grandarðs 8 er um garð gengin og búið að koma söluandvirðinu fyrir á tryggum hávaxtareikningi í Landsbankanum. Þær háværur gagnrýnisraddir, sem gullu meðan á söluferlinu stóð og allsherjarþingið fór reyndar ekki varhluta af, þögnuðu þegar þingi var slitið, ef undan er skilin afar sérkennileg „frétt“ um málið í dagblaði nokkru tveimur dögum eftir þingið. Þar reynir sannarlega á dómgreind lesenda gagnvart miðlum og heimildum.

Á allsherjarþinginu var kosinn einn nýr stjórnarmaður og tveir varamenn, ásamt tveimur skoðunarmönnum reikninga. Í síðastnefndum tilfellunum er annar tveggja nýkjörinn, en hinir tveir endurkjörnir. Við bjóðum nýja starfskrafta hjartanlega velkomna í hópinn um leið og við þökkum þeim, sem létu af störfum, framlag sitt. Engin breyting varð á samsetningu stjórnarinnar að öðru leyti, þar eð nýkjörinn stjórnarmaður leysti af hólmi meðstjórnandann Vilhjálm Benediktsson, en til glöggvunar er engu að síður rétt að gera grein fyrir samsetningu nýrrar stjórnar:

Óttar Ottósson	lögsögumaður
Egill Baldursson	staðgengill lögsögumanns
Rósa Eyvindardóttir	ritari
Sveinn Aðalsteinsson	gjaldkeri
Hildur Guðlaugsdóttir	meðstjórnandi

Varamenn eru Þórunn Brandsdóttir, sem fyrr, og Garðar Guðnason, sem jafnframt er vefstjóri okkar. Sigurður Þórðarson er áfram skoðunarmaður reikninga, ásamt hinni nýkjörnu Hönnu Hlöðversdóttur.

Sem endranær eru ýmis stærri og minni mál í vinnslu meðal lögréttufólks, þ.e. stjórnarinnar og goðanna. Varla er tímabært að tíunda þau mál frekar á þessu stigi,

en þess skal þó getið, að siðfestuátak okkar, sem áður hefur verið fjallað um hér í *Vor-um síð*, er nú komið undir viðbrögðum allra grunnskólanna við tilboði okkar til nemenda 8. bekkjar að taka siðfestu hjá Ásatrúarfélaginu í stað kristinnar fermingar eða annarrar unglingavígslu. Spennandi verður að sjá, hver viðbrögð skólanna og ekki sízt ungmennanna sjálfra verða, en fjöllum nánar um það, þegar til tíðinda dregur.

Þá er ástæða til að nefna allmerkilegt frumkvæði Alþjóðahúss um samráðsnefnd trúarbragða. Nefndinni var ýtt úr vör sl. vor, en það var þó ekki fyrr en síðla hausts, að fulltrúar Ásatrúarfélagsins, allsherjagoði og lögsögumaður, tóku sæti í nefndinni. Nefndin sjálf skilgreinir tilgang sinn þannig: „Markmiðið er að stuðla að umburðarlyndi og virðingu milli fólks af ólíkum trúarhópum og trúarbrögðum. Slíkt næst ekki með því að samsinna hverju sem er eða láta hvað sem er gagnrýnislaust heldur með því að vera reiðubúinn til að hlusta á sjónarmið annarra, setja sig í spor þeirra og virða sjálfsákvörðunarrétt sjálfráða einstaklinga.“ Áfram er haldið: „Þannig getur samráðsnefnd stuðlað að auknu umburðarlyndi og virðingu meðal almennings, m.a. með því að hvetja til almennrar trúarbragðafræðslu, standa fyrir kynningarstarfi á borð við málþing, leiðrétta augljósar rangfærslur og vara við kynþáttahatri, ofbeldi og mismunun.“ Ennfremur: „Virðing er grundvallaratriði. Þvertrúarleg samvinna er ekki vettvangur boðunar heldur upplýsinga og virðingar fyrir trú hvers annars.“

Eins og sjá má, mætti ætla að ásatrúarmaður hafi verið hér við ritvölinn. Svo er þó ekki, en yfirlýsingar þessar má þess þá heldur hafa til marks um að frumkvöðlar nefndarinnar hafi slegið réttan tón strax í upphafi starfsins. Undir það sjónarmið getur undirritaður hiklaust tekið. Starfsandinn kemur mér þannig fyrir sjónir, að tekið sé á málum af skynsemi og yfirvegum. Sá himinhrópanði vitleysisgangur, sem oftast er ekki hefur verið hafður að leiðarljósi í hliðstæðu starfi víða um Evrópu, er hér sem betur fer víðsfjarri, enda ber ástand mála alltof víða þess sorgleg merki, að illa hafi til tekizt.

Öllum skráðum trúfélögum á Íslandi með a.m.k. 150 félagsmenn hefur verið boðin þátttaka í starfinu. Vitanlega byggja þau velflest á kristnum grunni, eða eiga rætur sínar á einn eða annan hátt að rekja til framandi samfélaga fyrir botni Miðjarðarhafs, en tvö trúfélög skera sig úr, hvað uppruna og hugmyndafræðilegan grunn varðar: Búddistafélag Íslands og Ásatrúarfélagið. Vegna augljósrar sérstöðu vors síðar í íslenzku samfélagi, verður að teljast afar mikilvægt, að Ásatrúarfélagið leggi heilshugar lóð sín á vogarskálarnar, enda er það sjötta stærsta trúfélag landsins utan þjóðkirkjunnar. Markmið nefndarinnar fellur enda afskaplega vel að hugsunarhætti okkar heiðingja, þannig að ekkert hef ég enn rekizt á í umræðum nefndarinnar, sem bögglazt gæti fyrir fornri sál.

Undirritaður hikar ekki við að gefa þessu framtaki Alþjóðahússins sín beztu meðmæli. Þótt ekki væri annað, skiptir oft sköpum í samskiptum fólks, að það hittist. Það er alltaf erfiðara fyrir menn að standa í erjum, hafi þeir hitt augliti til auglitis, tekizt í hendur og rætt málin í bróðerni.

3. desember 2005, til árs og friðar,  
Óttar Ottósson, lögsögumaður.  
(ottar@internet.is)